



Bréf til sveitarfélaga,

Reykjavík 28. janúar 2022

Efni: Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a. að stuðla að því, að stjórnvöld virði ákvæði Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna sbr. lög nr. 83/1994, um umboðsmann barna. Mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku sem snertir börn.

Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar sem snúa að ákvörðunum sveitarfélaga og hvort þær samrýmist hagsmunum og réttindum barna. Umboðsmaður barna vill því árétta að sveitarfélögum ber skylda til að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana á börn sem teknar eru á vettvangi þeirra, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku. Mat á áhrifum á börn er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber sveitarfélögum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans. Þá ber sérstaklega að árétta að sú skylda á ekki eingöngu við um ákvarðanir sem snúa beint að börnum eins t.d. og um fyrirkomulag skóla- eða tómstundastarfs, heldur þarf einnig að leggja mat á áhrif annarra ákvarðana sem snerta börn með óbeinni hætti, eins og t.d. skipulags- og samgöngumál.

Sveitarfélög bera jafnframt skyldu til að veita börnum rými og vettvang til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varðar og ber að taka réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska, líkt og 12. gr. Barnasáttmálans kveður á um. Í þessu samhengi er rétt að benda á mikilvægi ungmenningaráða sveitarfélaga þó svo að samráð við börn geti átt sér stað með fjölbreyttum hætti. Virkt samráð við börn um málefni sem snerta þau er lykilatriði í því að

komast að niðurstöðu um hvað sé börnum raunverulega fyrir bestu en auk þess búa börn yfir nauðsynlegri innsýn í eigin málefni og sjá oft lausnir sem aðrir koma ekki auga á.

Með hliðsjón af framangreindu hvetur umboðsmaður barna sveitarfélög til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa og til að innleiða að fullu ákvæði Barnasáttmálans í allri framkvæmd og ákvarðanatöku á vettvangi þeirra.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna